

Orðhlutaeyðing -Hugmyndabanki-

Námsefni:

- Markviss málörvun.
- Lærum og leikum með hljóðin.
- Ljáðu mér eyra.
- Ljáðu mér eyra – spilastokkur.
- Orðaspjall.
- Ótrúleg eru ævintýrin.
- Leggðu við hlustir.
- Hugur og fluga.
- Poxel123.com



Bækur/lestur:

- Vinna með þennan þátt í gegnum bækur.
- Lesa og ræða saman út frá lestrinum.
- Stoppa við orð í lestri og ræða það.
- Finna samsett orð í sögu og taka það í sundur.
- Nota orðalista í samverustund og hjálpast að við að spá í orðið s.s. hvort það sé samsett eða ekki, hvort hægt sé að bæta við það eða taka hluta af því.

Ljóð/pulur/vísur:

- Leita að samsettum orðum í ljóðum, þulum og söngtextum og prufa að taka þau í sundur.

Spil:

- Samstæðuspil.
- Búa til samstæðuspil.
- Myndir – setja saman og taka í sundur.
- Vinna samhliða samsettum orðum, setja saman og taka í sundur meðan verið er t.d. að spila (spil + kassi).

Leikir:

- Nota leikinn.
- Ratleikur.

- Leikir í bílnum, strætó, við matarborðið, í samverustund, fataklefa, gönguferðum.
- Gátur.
- Hendur til að leggja áherslu á orðin t.d. vinstri fyrir fyrra orðið og hægri fyrir seinna orðið.
- Setja saman og taka sundur orð með kubbum eða höndum til að gera það sýnilegt.
- Hreyfileikir – 3 stöðvar í íþróttasal – para saman orð.
- Hreyfileikur – börn fá eina mynd hvert og þurfa að finna út hvernig þau eiga að raða sér til að búa til samsett orð.
- Nota myndir til að setja saman og taka í sundur orð. Bæði að kennari velji saman orð og að börnin leiki sér að setja saman og taka í sundur.
- Kubbaleikur nýttur til að setja saman og taka í sundur orð.
- Raða saman myndaspjöldum, hægt að vera bæði úti og inni. Leyfa að búa til bullorð.
- Fyrir þau börn sem eru langt komin í undirbúningi fyrir lestur er hægt að fara í flóknari verkefni s.s. hvað verður eftir ef við tökum f í burtu af fíll.
- Skrifa á töflu samsett nöfn barna, kennara og fjölskyldu.
- Setja saman orð/nöfn og búa til skrítn nöfn.
- Hafa kassa/poka með samsettum orðum eða orðum sem hægt er að setja saman.
- Setja orð á Legokubba og hafa í poka, síðan draga börnin kubba upp og velta fyrir sér hvort hægt sé að setja saman eða taka í sundur.
- Prófa að víxla orðum s.s. bílskúr – skúrbíll og taka í sundur. Spá í hvað er merkingarbært og hvað er bull.

Samræður:

- Skoða, kryfja og klippa orð.
- Orðaforði – tala saman.
- Ræða um hvaða nöfn í barnahópnum eru samsett og hver ekki.
- Orð dagsins í hádeginu, tekið í sundur og útskýrt ítarlega.
- *Orðaspjall* – draga orð til umfjöllunar og spyrja hvort orðið sé samsett eða ekki, setja orðin síðan á orðatré.
- Vekja athygli á samsettum orðum í daglegu starfi s.s. í fataklefa – regn/jakki o.s.frv.

Umhverfið:

- Nota myndir – sjónrænt.
- Nota kubba og myndakubba til að taka orð í sundur.
- Kubbar t.d. einingakubbar. Vinna með orðin heima líka þ.e. á tungumáli barns. Hafa möppu eða bók þar sem barnið tekur orð í sundur á sínu tungumáli heima en á íslensku í leikskóla.
- Gera sjónrænt þegar orð eru tekin í sundur – nota kubba/myndir og þess háttar.

- Kubbar t.d. einingakubbar. Hafa orð heima líka þ.e. á tungumáli barns. Hafa möppu eða bók þar sem barnið tekur orð í sundur á sínu tungumáli heima en á íslensku í leikskóla.
- Notað vasateppi.
- Nýta öll möguleg svæði til að efla þennan þátt s.s. matarborðið, fataherbergið, samverustund, íþróttasal, skiptiborð, útisvæði og úti í skógi.
- Í gönguferðum – vekja athygli á samsettum orðum í umhverfinu.
- Í gönguferðum – taka í sundur heiti þess sem við sjáum – gera sjónrænt með því að nota hnefana.

Annað:

- Virkja foreldra.
- Góð orð til að æfa: kaffi ..., jóla ..., snjór ...
- Byrja á samsettum orðum og færa sig svo í orðhlutaeyðingu.
- Byrja snemma.
- Sífelldar endurtekningar.
- Leggja jafn mikla áherslu á orðhlutaeyðingu og samsett orð.
- Notað sömu orðræðu/orðalag innan leikskólans s.s. hvaða orð er eftir ef þú tekur ljós í burtu af orðinu „ljósastaur“. Mælt er með þessu orðalagi í stað þess að nota orðið „mínus“.

